

Þingflokksfundur Pírata

Mánudaginn 19. febrúar 2018, kl. 13:00 - 15:00

Nr. 33/148

Mætt

Fundarstjóri	Eiríkur Rafn Rafnsson (ERR)
Fundarritari	Baldur Karl Magnússon (BKM)
Þingmenn	Björn Leví Gunnarsson (BLG) Halldóra Mogensen (HM) Helgi Hrafn Gunnarsson (HHG) Jón Þór Ólafsson (JPÓ) Smári McCarthy (SMC)

Forföll Þórhildur Sunna Ævarsdóttir boðaði forföll

Fundargerð

1. Samþykkt fundargerða

Fundargerðir nr. 12/148 til nr. 17/148 samþykktar án andmæla.

2. Þingstörfin framundan

Mánudagur 19. febrúar

BLG mun ræða við mennta- og menningarmálaráðherra í óundirbúnum fyrirspurnum. JPÓ og HHG munu taka þátt í sérstakri umræðu um frelsi á leigubílamarkaði.

Þriðjudagur 20. febrúar

Allir þingmenn hafa óskað eftir að taka til máls undir dagskrárliðnum störf þingsins.

Miðvikudagur 21. febrúar

Störf þingsins. HHG, BLG, JPÓ, SMC óska eftir.

3. Beiðnir um áheyrnaraðild að þingflokksfundum

Frestað til næsta fundar.

4. Bréf starfandi þingflokksformanns

Bréf frá fundi þingflokksformanna. Rætt um röðun þingflokka í óundirbúnum fyrirspurnum.

JPÓ mun fjalla um málið í forsætisnefnd. Rætt um birtingu upplýsinga og gagnsæi í kjölfar upplýsinga um akstursgreiðslur.

5. Bréf úr nefndum

Þingmenn gerðu grein fyrir störfum sínum í fastanefndum. Rætt um birtingu upplýsinga og gagnsæi í kjölfar upplýsinga um akstursgreiðslur. Ákveðið að BLG muni senda erindi til forsætisnefndar um birtingu upplýsinga. Rætt um siðareglur og ferla varðandi brot á siðareglum.

6. Húsnæðissamvinnufélög

BKM mun útbúa minnisblað í kjölfar pósts sem barst í vikunni.

7. Fundarbeiðni frá Hugarfari

HM og SMC stefna að fundi með Hugarfari á næstunni. HM mun finna tíma.

8. Ósk um meðflutning á frumvarpi til afnáms ríkiseinokunar á smásölu með áfengi

JÞÓ hyggst vera meðflutningsmaður málsins. Umræður.

9. Önnur mál

- *Meðflutningur: Digital Rights Management*

Mælt með að sleppa meðflutningi en að vinna að úrbótum við þinglega meðferð.

- *Meðflutningur: Líftími þingmála*

SMC verður fyrsti flutningsmaður. Allir þingmenn Pírata staðfestu meðflutning.

- *Meðflutningur á Uber-máli*

Umræða.

- *Fundarstjórn á fundi framkvæmdaráðs*

Enginn þingmaður til taks fyrir fund morgundags.

- *Fjarvera HM í Mars/Apríl*

HM kynnti fjarveru sína. Fellur inn í páskafrí.